

Nd.

30. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verslunarbækur.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

Á eftir 2. málsgr. 2. greinar laga nr. 53, 11. júlí 1911, komi svofeld viðbót:
Óski fastir viðskiftamenn verslana fremur að fá sundurliðað eftirrit af viðskiftunum í þar til gerðar viðskiftabækur, er skylt að láta þær í tje, og skulu þær hafa sama gildi og samritin.

Ástæður.

Sú bókfærsla, sem hófst með og byggð er á ofannefndum lögum, má telja, að nú hafi fengið fulla reynslu. Hefir reynslan ekki að öllu leyti svarað til þess, sem ætlað var, að gera reikningsviðskifti auðveldari og tryggari. Þvert á móti hefir ýmsum þótt örðugra að fylgjast með um viðskifti sín; á það þó einkum við um sveitamenn. Orsakir til þessa eru einkum þær, að örðugt er, og verður því misbrestur á, að varðveita frumbókareftirritin.

Áður en lögín um verslunarbækur komu í gildi, höfðu ýmsir þá reglu að láta skrá samrit af viðskiftum sínum í þar til gerðar hentugar viðskiftabækur, ýmist jafnhliða og viðskiftin voru gerð eða á stuttum fresti. Þetta hafði þann kost, jafnhliða og það gaf tryggingu fyrir rjettri færslu, að það gaf kost á að

fylgjast með, hvernig viðskiftin stæðu á hverjum tíma, og veitti þar með aðhald um að takmarka útgjöldin við það, sem efni leyfðu.

Frv. þetta hnígur að því að skapa mönnum rjelt — þeim sem þess óska — til að fá viðskifti sín skráð þannig, að þeir geti sem best fylgst með um heildarviðskiftin, en hamlar á engan hátt að halda því formi, sem nú tíðkast, þeim sem þykir það henta sjer betur.